



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

Hvatning forseta Íslands til ungra Íslendinga afhent ungmennum í Austur-Húnavatnssýslu

Í opinberri heimsókn forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar í Austur Húnavatnssýslu 15. – og 16. október hlutu 15 ungmenni „Hvatningu forseta Íslands til ungra Íslendinga.“ Hvatningin var afhent á fjölskylduhátíð í íþróttahúsinu á Blönduósi. Þau sem hlutu hvatningu eru:

Dagrún Jónasdóttir, Blönduósi. Hún hefur náð góðum árangri í námi, einkum í stærðfræði og látið að sér kveða í félagsmálum og íþróttum.

Elías Kristinn Sæmundsson, Skagaströnd. Hann hefur sýnt mikinn dugnað og jákvæðni í baráttu sinni við erfiðan sjúkdóm.

Guðbjörg Þorleifsdóttir, Blönduósi. Hún hefur sýnt mikla hæfileika og dugnað við að takast á við ýmsa erfiðleika í lífinu.

Gunnar Már Sæmundsson, Skagaströnd. Gunnar hefur eins og bróðir hans verið einstaklega duglegur og jákvæður í baráttu við erfiðan sjúkdóm.

Jóhann Sigurjón Jakobsson, Blönduósi. Hann er efnilegur námsmaður, hugmyndaríkur og góður íþróttamaður. Hann hefur einnig sýnt skemmtilega hugkvæmni við viðgerðir á hjólum og vélum.

Jóna Gréta Guðmundsdóttir, Skagaströnd. Hún hefur sýnt góða námshæfileika og dugnað í félagsstöfum.

Kristmundur Stefán Einarsson, Grænuhlíð. Hann hefur sýnt mikla námshæfileika, dugnað, m.a. við bústörfin, og verið skólafélögum sínum til fyrirmyndar í hvívetna.

Lilja María Evensen, Blönduósi. Hún hefur náð góðum árangri í námi og tónlist og sýnt forystuhæfileika í félagsmálum.

Lillý Rebekka Steingrimsdóttir, Litlu-Giljá. Hún hefur sýnt að hún býr yfir miklum tónlistarhæfileikum og leikur m.a. á píanó og þverflautu.

Oddur Aron Valdimarsson, Skagaströnd. Hann hefur sýnt þróðmennsku, mikinn dugnað og einarðan vilja til að kljást við erfiðleika.

Ólafur Freyr Birkisson, Höllustöðum. Hann er duglegur námsmaður og áhugasamur íþróttamaður og hafði m.a. forystu um þátttöku í knattspyrnumóti.

Rúnar Þór Njálsson, Blönduósi. Hann er ágætur námsmaður, verið jákvæður og duglegur við að takast á við erfiðleika sem fylgja fötlun hans.

Rúnar Aðalbjörn Pétursson, Hólabæ. Hann er gæddur góðum námshæfileikum og er þróður og kurteis, öðrum góð fyrirmynd.

Sigurdís Sandra Tryggvadóttir, Ártúni. Hún er góður námsmaður og gædd miklum tónlistarhæfileikum.

Stefán Örn Gíslason, Blönduósi. Hann hefur sýnt mikla leikhæfileika, er hugmyndaríkur og stendur sig vel í öllu félagsstarfi.